Barnaheill – Save the Children á Íslandi
Sigtúni 42 | Sími 553 5900
barnaheill.is | Facebook | Instagram

Barnaheill

Alþingi
Kirkjustræti, 101 Reykjavík

29. október 2026

Frumvarp til loftslagslaga

Umsögn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi við 202. mál á 158. löggjafarþingi

Loftslagsbreytingar eru ógn við velferð barna um allan heim og stofna réttindum þeirra, heilsu og framtíðarhorfum í hættu. Barnaheill – Save the Children leggja því ríka áherslu á baráttuna gegn loftslagsbreytingum, sem er á sama tíma baráttan fyrir loftslagsréttindum barna á heimsvísu. Barnaheill hvetja til þess að frumvarpið sé endurskoðað þannig að það endurspegli betur yfirlýsta stefnu stjórnvalda – og þá ekki einungis loftslagsstefnu heldur líka þá mannréttindastefnu sem birtist annars vegar í áherslu á tengsl mannréttinda og umhverfismála og hins vegar á að standa vörð um réttindi barna.

Aðkoma barna tryggð

Eitt helsta áherslumál Barnaheilla – Save the Children á heimsvísu er að stjórnvöld viðurkenni að Barnasáttmálinn feli í sér skyldu á stjórnvöld að verja börn fyrir skaðlegum afleiðingum loftslagsbreytinga. Það eru viss vonbrigði að ekki sé sérstaklega minnst á börn í frumvarpinu eða greinargerð þess og ungmenni eru aðeins nefnd einu sinni – þar sem ráðuneytið hafnar tillögu Landverndar og Ungra umhverfissinna um að séð verði til þess að ungmenni geti átt sæti í Loftlagsráði.

> ***Barnaheill hvetja til þess að staða barna og ungmenna sé sérstaklega rýnd í tengslum við frumvarpið þannig að aðkoma og sjónarmið barna séu tryggð sem forgangshóps í samningaviðræðum, stefnumótun og fjármögnun á sviði loftslagsmála. Samtökin benda á að eftirfarandi breytingar geti með einföldum hætti styrkt stöðu barna:***
>
> - ***Breyta samsetningu Loftslagsráðs í 18. gr. þannig að fulltrúi ungmenna eigi þar sæti.***
> - ***Taka skýrt fram í tengslum við hugtakið réttlát umskipti í 1. og 10. gr. að í þeim felist að taka sérstakt tillit til hagsmuna barna svo tryggt sé að sjónarmið þeirra hafi áhrif á þær aðgerðir sem gripið er til og svo þunginn af aðgerðum eða aðgerðaleysi leggist ekki af auknum þunga á börn eða komandi kynslóðir.***
> - ***Tryggja aðkomu barna að ákvarðanatöku á sviði loftslagsmála, t.d. með kröfu um markvisst samráð í tengslum við lagasetningu og aðgerðir á sviði loftslagsmála og reglulegum þjóðfundum ungs fólks um loftslagsaðgerðir.***

Markmið nái fram að ganga

Áhyggjur vekur hversu fjarri Ísland er því að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar samkvæmt framreikningum Umhverfis- og orkustofnunar. Stefna skal á að draga úr samfélagslosun um 41% árið 2030 miðað við árið 2005, en miðað við núverandi aðgerðir er samdrátturinn áætlaður 21%. Vegna of lítils árangurs á undanförnum árum þarf því að draga tvöfalt meira úr samfélagslosun á næstu fjórum árum en náðst hefur á undanförnum 20 árum – krafan getur því numið um 5% samdrætti í samfélagslosun á hverju ári fram til ársins 2030. Með 13. gr. frumvarpsins er lagt til að sérstaklega verði

brugðist við frávikum frá loftslagsskuldbindingum, en þessar tölur sýna að veruleg frávik séu nú þegar til staðar og ekki nema fjögur ár séu til stefnu að bregðast við þeim. Ætli þingheimur að standa með yfirlýstum markmiðum Íslands í loftslagsmálum þarf því að grípa til tafarlausra, stórtækra og fullfjármagnaðra aðgerða – en þær er enn sem komið er ekki að sjá í fjárlögum næsta árs eða öðrum áformum stjórnvalda.

> ***Barnaheill leggja til að samhliða þessari heildarendurskoðun á regluverki loftslagsmála séu unnin, samþykkt og fjármögnuð viðbrögð við fyrirsjáanlegum vanefndum á loftslagsskuldbindingum. Strax á næsta ári verði gripið til aðgerða sem komi samdrætti í samfélagslosun á rétta braut.***

Markmiðum ekki slegið á frest

Með ákvæði til bráðabirgða er lagt til að ráðherra meti forsendur markmiðs um kolefnishlutleysi sem lögfest var vorið 2021. Löngu tímabært er að skýr lagaleg skilgreining liggi skýrt fyrir svo hægt sé að meta hvernig miði í átt að markmiðinu. Það vekur hins vegar áhyggjur að við 1. umræðu málsins sagði ráðherra að sér þætti ekki ósennilegt að markmið um kolefnishlutleysi myndi við þetta færast frá 2040 til 2050. Rétt er að minna á að 4. gr. Parísarsáttmálans setur það viðmið að í hvert sinn sem ríki endurskoða markmið í loftslagsmálum skuli metnaður aukinn frá eldri markmiðum. Afturför af þessu tagi er tæpast í samræmi við þær alþjóðlegu skuldbindingar. Á meðan enn er óljóst með efndir á skuldbindingum fyrir árin 2030 og 2035 er auk þess ótímabært að hreyfa við tímamarki kolefnishlutleysis, þó að gagn sé að því að skýra þýðingu hugtaksins og tryggja lagalegan skilning á því.

> ***Barnaheill leggja til að skýrt komi fram í ákvæði til bráðabirgða að ekki verði hreyft við áformaðri tímasetningu kolefnishlutleysis fyrr en áætlanir hafa verið gerðar um það hvernig ná skuli millimarkmiðum áranna 2030 og 2035.***

Barnaheill minna á að á stjórnvöldum hvílir sú skylda að grípa til róttækra aðgerða til að ná samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda og setja skýra stefnu í átt að kolefnishlutleysi, ætli þau að ná þeim árangri sem nauðsynlegur er til þess m.a. að standast skuldbindingar Barnasáttmálans. Nýjustu framreikningar stjórnvalda, sem byggja á samþykktum aðgerðum og fjármögnun, benda til þess að Ísland sé víðs fjarri því að ná eigin markmiðum. Barnaheill hvetja nefndina til að gera nauðsynlegar breytingar á frumvarpinu til að bregaðst við þeirri stöðu, en ekki síður að umhverfis- og samgöngunefnd hafi frumkvæði að því innan Alþingis að gera tafarlaust nauðsynlegar breytingar á fjármögnun og öðrum aðgerðum svo yfirlýst markmið Íslands í loftslagsmálum náist.

Samtökin lýsa sig reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar til að gera nánari grein fyrir umsögninni.

Virðingarfyllst,

Tótla I. Sæmundsd

Tótla I. Sæmundsdóttir
Framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi

Barnaheill


Barnaheill